LÖGREGLA NÚTÍMANS

SKIPURIT LÖGREGLUNNAR Á ÍSLANDI



Ljósmynd: Júlíus Sigurjónsson.

LÖGREGLAN
LÖGREGLAN
9723

Umbætur í löggjöf

Með lögum nr. 92/1989, sem tóku gildi 1. júlí1992, urðu stórfelldar breytingar á skipan dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Samhliða þessum breytingum voru gerðar veigamiklar breytingar á sviði réttarfarslöggjafar og meðal annars unnið að setningu nýrrar heildarlöggjafar á öllum sviðum réttarfars í landinu. Núgildandi lög um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991, tóku gildi á sama tíma en með þeim var komið á skipun ákæru-réttarfars í öllum meginatriðum.

Ný lögreglulög tóku gildi 1. júlí 1997. Þau leystu af hólmi eldri lögreglulög og lög um rannsóknar-lögreglu ríkisins. Rannsóknarlögregla ríkisins var lögð niður og flest verkefni hennar færð til lögreglustjóra í héraði og embættis ríkis-lögreglustjóra. Um leið voru lögfestar skýrari reglur um framkvæmd lögreglustarfa og um réttindi og skyldur lögreglumanna.

Endurskoðun laga um lögregluna tengdist einnig breytingum sem urðu með lögum um meðferð opinberra mála árið 1996. Þau miðuðu að því að hraða rannsóknum brota, auka skilvirkni með því að einfalda feril mála á rannsóknarstigi og fela lögreglustjórum ákæruvald í ríkari mæli en áður. Þannig var ákæruvald í stærstum hluta þeirra mála sem heyrðu undir ríkissaksóknara flutt til lögreglustjóra. [39]

Ljósmynd: Júlíus Sigurjónsson.

Embætti ríkislögreglustjóra

Með lögreglulögunum var komið á fót embætti ríkislögreglustjóra sem fer með málefni lögreglunnar í umboði dómsmálaráðherra. Með sama hætti fer ríkislögreglustjóri með málefni lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli í umboði utanríkisráðherra. Samhliða þessu tók embættið við veigamiklum stjórnsýsluverkefnum á sviði löggæslunnar í landinu.

Helstu verkefni ríkislögreglustjórans

Að flytja og kynna lögreglustjórum boð og ákvarðanir æðstu handhafa ríkisvaldsins, sem snerta starfsemi lögreglunnar með einum eða öðrum hætti og vinna að og fylgjast með því að þeim ákvörðunum verði fylgt í starfi lögreglunnar.

Að láta dómsmálaráðherra í té upplýsingar um hvers konar lögreglumálefni sem hann getur notað til að undirbúa og byggja ákvarðanir sínar á.

Að gera tillögur til dómsmálaráðherra um almenn fyrirmæli til lögreglustjóra.

Að vinna að og gera tillögur um hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi í starfsemi lögreglunnar.

Að annast alþjóðasamskipti á sviði löggæslu.

Að veita lögreglustjórum aðstoð og stuðning í lögreglustörfum.

Að annast viðfangsefni sem vegna aðstæðna kalla á samhæfingu á landsvísu eða samstarf við lögreglu í öðru landi.

Að hafa með höndum yfirstjórn eða gefa fyrirmæli um framkvæmd einstakra löggæsluverkefna sem krefjast viðamikils undirbúnings eða þátttöku lögreglumanna úr fleiri en einu umdæmi.

Ríkislögreglustjóra ber enn fremur að hafa með höndum sérstök verkefni sem snúa að rekstri lögregludeilda á sviði skatta- og efnahagsbrota og tæknirannsókna, auk deildar sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins. Þá er starfrækt alþjóðadeild sem annast alþjóðleg boðskipti. [40)]

Ríkislögreglustjóri stýrir starfsemi almannavarna í umboði dómsmálaráðherra að höfðu samráði við almannavarnaráð.

Hlutverk lögreglunnar

Lögreglan er sú stofnun þjóðfélagsins, sem hefur með höndum löggæslu í víðustu merkingu.

Hlutverk lögreglu er að gæta almannaöryggis og tryggja réttaröryggi; stemma stigu við afbrotum og vinna að uppljóstran brota; greiða götu borgaranna og veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu. [41]

Þjónustuhlutverkið er veigamikið í daglegum störfum lögreglunnar en fellur þó oft í skuggann af hinum æsilegri og oft neikvæðari þáttum lögreglustarfsins.

Lögregla skal sýna árvekni í starfi og þekkja góð skil á skyldum sínum og ábyrgð þeirri sem starfinu fylgir. Gætt skal samviskusemi, hlutlægni, réttsýni og hófsemi. Lögreglunni er heimilt að beita valdi ef nauðsyn krefur en þess þurfa lögreglumenn þó sérstaklega að gæta að beita ekki sakaðan mann meira harðræði en nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótþróa hans. [42]

FREE TIBET
Illur á sér ills
LÖGREGLAN
LÖGREGLAN

Hinsvegar er almenningi skylt að hlýða fyrirmælum sem lögreglan gefur, svo sem vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi lögum og reglu á almannafæri. [43]

Lögreglan getur kallað sér til aðstoðar hvern fulltíða mann ef nauðsyn krefur. Menn eru skyldugir til að aðstoða lögregluna ef þeim er það mögulegt án þess að stofna lífi sínu eða sinna nánustu, heilbrigði, velferð eða verulegum hagsmunum í hættu. Þeir sem starfa með lögreglu að hennar skipun fara um leið með lögregluvald og njóta sömu verndar og lögreglumenn. [44]

Í störfum sínum ber lögreglan ábyrgð gagnvart borgurum og yfirvöldum. Starfsmenn lögreglu geta því aðeins vænst trausts og virðingar vegna starfa sinna að þeir gegni hlutverki lögreglu með það að leiðarljósi að þjóna samfélaginu af heiðarleika, hlutlægni, réttsýni, nærgætni, trúmennsku, þagmælsku og þekkingu.

Starfsmannamál lögreglunnar

Til starfsmanna lögreglu teljast ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar, varalögreglustjórinn í Reykjavík, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, löglærðir fulltrúar lögreglustjóra, lögreglumenn, saksóknarar við embætti lögreglustjóra þ.m.t. embætti ríkislögreglustjóra og annað starfslið lögreglu.

Dómsmálaráðherra ákveður fjölda lögreglumanna í hverju umdæmi í samráði við ríkislögreglustjóra að fengnum tillögum hlutaðeigandi lögreglustjóra. Heimilaðar stöður á landinu öllu eru 693.

Ráðherra skipar ríkislögreglustjóra, vararíkislögreglustjóra, lögreglustjóra og varalögreglustjóra í Reykjavík. Þeir skulu fullnægja sömu almennum hæfnisskilyrðum og héraðsdómarar til skipunar í embætti. Þó eiga skilyrði um lágmarksaldur ekki við um lögreglustjóra og varalögreglustjóra í Reykjavík. Þá skipar ráðherra yfirlögregluþjóna og aðstoðaryfirlögregluþjóna. Ríkislögreglustjóri skipar aðra lögreglumenn. Skipunartími allra framangreindra eru fimm ár í senn. Hver sem skipaður er til lögreglustarfa skal hafa lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins. Lögreglumenn skulu leystir frá embætti þegar þeir eru orðnir fullra 65 ára, eða fyrr, eftir því sem dómsmálaráðherra ákveður með reglugerð. [45]

Ljósmynd: Júlíus Sigurjónsson.

LÖGREGLAN
LÖGREGLAN
LÖGREGLAN
8914

Menntun lögreglumanna

Lögregluskóli ríkisins er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir dómsmálaráðherra og hefur sömu stöðu gagnvart embætti ríkislögreglustjóra og lögregluembættin í landinu.

Inntökuskilyrði í Lögregluskólann eru íslenskur ríkisborgararéttur, 20-35 ára aldursmörk, andlegt og líkamlegt heilbrigði, tveggja ára framhaldsnám eða sambærilegt nám, góð tungumálakunnátta, ökuréttindi, sundhæfni og almennt skal umsækjandinn ekki hafa gerst brotlegur við refsilög. Sérstakt inntökupróf er haldið fyrir umsækjendur þar sem áhersla er lögð á íslenskukunnáttu og þrek.

Skólinn starfrækir grunndeild sem veitir lögreglunemum menntun í almennum lögreglufræðum. Grunnnámið skiptist í þrjár annir. Fyrsta önnin er ólaunuð en nám við hana er lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Helstu námsgreinar í grunnnámi eru lögfræði (réttarfar, refsiréttur, lögreglulög o.fl.), lögreglufræði, íslenska og sérgreinar, svo sem sálfræði og siðfræði. Þá eru kennd meginatriði slysahjálpar auk þess sem lögregluæfingar og líkamsþjálfun fá mikið rúm í námskránni. Námið er sérlega lifandi og á verklegum æfingum fá lögreglunemarnir verkefni til úrlausnar, þar sem reynir á kunnáttu þeirra jafnt í bóklegum sem verklegum hlutum námsins. Nemendur á þriðju önn geta þurft að takast á við lögreglustörf á námstímanum vegna stórra, yfirstandandi lögregluverkefna eða þegar þörf er eflingar lögregluliðsins. Milli anna fara nemendur í starfsþjálfun í lögreglu.

Í framhaldsdeild skólans hljóta starfandi lögreglumenn símenntun, framhaldsmenntun og sérmenntun.

Þá er lögregluskólinn vettvangur rannsókna í lögreglufræðum og stjórnvöldum til ráðgjafar um lögreglumálefni.

Skólastjóri fer með daglega stjórn og rekstur skólans, samkvæmt lögreglulögum og reglugerð. Tveir yfirlögregluþjónar eru skólastjóra til aðstoðar við stjórn skólans og mynda þeir daglega yfirstjórn hans. [46]

Ljósmynd. Júlíus Sigurjónsson.

Lögreglustjórn

Dómsmálaráðherra er æðsti yfirmaður lögreglunnar í landinu. Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði hans. [47]

Landinu er skipt í lögregluumdæmi sem fara saman við skiptingu þess í stjórnsýsluumdæmi. Sýslumenn eru lögreglustjórar, hver í sínu umdæmi, nema í Reykjavík þar sem lögreglustjórn er í höndum sérstaks lögreglustjóra. Þeir annast daglega stjórn og rekstur lögreglunnar í umdæmi sínu og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess. Lögreglustjórar stjórna leitar- og björgunaraðgerðum á landi. [48]

Lögreglumenn hafa lögregluvald hvar sem er á landinu. Starfssvæði lögreglumanns er það umdæmi sem hann er skipaður, settur eða ráðinn til þess að starfa í. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði í tilteknum tilvikum, svo sem ef lögreglumaður er að ljúka lögregluaðgerð sem hann hefur hafið í sínu umdæmi en teygir sig í annað umdæmi, eða er að störfum á leið um annað lögregluumdæmi. Þá getur ríkislögreglustjóri ákveðið, að höfðu samráði við lögreglustjóra, að lögreglulið í einu umdæmi skuli tímabundið gegna lögreglustörfum í öðru umdæmi og ákveður þá jafnframt hver skuli fara með stjórn þess. Dómsmálaráðherra getur, samkvæmt tillögu ríkislögreglustjóra, kveðið á um skipulagt samstarf lögregluliða við framkvæmd og stjórnun ákveðinna löggæsluverkefna og miðlun mannafla milli lögregluliða á tilteknu svæði til að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu. Þá getur ráðherra, samkvæmt tillögu ríkislögreglustjóra, falið lögreglustjórum tímabundið tiltekin löggæsluverkefni utan síns umdæmis ef hagfellt þykir vegna staðhátta.[49]

Ljósmyndir: Júlíus Sigurjónsson.

LÖGREGLAN

Verkefni lögreglu og deildaskipting

Í umdæmi lögreglunnar í Reykjavík búa nær tveir af hverjum fimm íbúum alls landsins. Fyrir vikið er embætti lögreglustjórans í Reykjavík fjölmennast. Af því leiðir að ákveðin sérhæfing í lögreglustörfum er möguleg, og reyndar nauðsynleg. Því eru þar starfandi ávana- og fíkniefnadeild, nokkrar aðrar sérhæfðar rannsóknardeildir, tæknideild, forvarna- og fræðsludeild, umferðardeild og almenn deild. Hjá sumum stærri embættum eru starfræktar rannsóknardeildir.

Hjá hinum smærri embættum er ekki hægt að koma við mikilli sérhæfingu og því geta dagleg störf lögreglumanna verið ólík milli umdæma. Sums staðar gengur einn og sami lögreglumaðurinn í öll störf.

Auk þeirra sérhæfðu deilda sem áður eru nefndar innan embættis ríkislögreglustjórans eru meðal annars fjarskiptamiðstöð lögreglunnar, bílamiðstöð fyrir öll lögreglulið landsins, tölvudeild, áfengiseftirlitsdeild, umferðardeild og sérsveit.

Umferðardeildin heldur uppi umferðareftirliti á landsvísu, til stuðnings lögreglu hvarvetna um landið í samstarfi við embættin og sinnir sérstökum umferðartengdum verkefnum. Sérsveitin starfar líka á landsvísu og tekst á við sérstaklega hættulega brotamenn. Þá er þess að geta að valdbeiting er síðasta úrræði lögreglu í hverju máli og áður en kemur til þess að beita vopnum reynir lögreglan öll önnur úrræði til þess að afvopna menn og telja þá af fyrirætlunum sínum. Í því skyni hefur nokkur fjöldi lögreglumanna verið þjálfaður í samningatækni. Þessir lögreglumenn eru kvaddir til í vopnamálum og þegar lífi er ógnað. Þá er sveitin sérþjálfuð til þess að fást við óeirðir.

Rannsókn opinberra mála

Lögreglurannsókn er í stuttu máli samheiti yfir þær aðgerðir lögreglu og ákæruvalds sem miða að því að upplýsa hvort framið hefur verið brot sem á að sæta saksókn samkvæmt lögum og hver hafi framið það. Opinber mál hefjast með því að lögð er fram kæra eða ljóstrað er upp um ætlað brot. Uppljóstrun getur til dæmis falið það í sér að lögregla kemst á snoðir um brot eða brotamaður gefur sig sjálfur fram. Markmið rannsóknar er að afla allra nauðsynlegra gagna til þess að ákærandi geti tekið afstöðu til þess hvort sækja skuli mann til sakar eða ekki og afla gagna til undirbúnings málsmeðferðar. Rannsókn þarf að miða að því að hið sanna í hverju máli komi fram. Því þarf meðal annars að gæta hlutlægni og er það hlutverk lögreglu að rannsaka jafnt þau atriði sem leitt geta til sektar og sýknu sakaðs manns. [50]

Ljósmynd: Rögnvaldur Ólafsson.

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans fer með rannsókn alvarlegra brota gegn ákvæðum auðgunarbrotakafla almennra hegningarlaga. Einnig fer deildin með rannsókn ákveðinna sérrefsilagabrota, þ.e. brota gegn skattalögum, tollalögum (tollsvik), lögum sem varða gjaldeyrismál, verðlagsmál, verðbréfa- og lánsviðskipti, umhverfísvernd, vinnuvernd og stjórn fiskveiða. Þá annast deildin rannsókn allra svokallaðra efnahagsbrota, en þau eru skilgreind sem refsiverð háttsemi í hagnaðarskyni, sem fer fram kerfisbundið og reglulega í annars löglegri atvinnustarfsemi lögaðila eða einstaklinga.

Embætti ríkislögreglustjóra aðstoðar einnig lögreglu við rannsóknir alvarlegra brota og veitir ráðgjöf og fyrirgreiðslu eftir atvikum. Ríkissaksóknari fer með yfirstjórn lögreglurannsókna og hefur eftirlit með framgangi þeirra.

Sérstök rannsóknarnefnd, sem hefur það hlutverk að bera kennsl á látna menn, heyrir stjórnsýslulega undir ríkislögreglustjórann. Nefndin kallast ID-nefnd. Í henni eru lögreglumenn, réttarlæknir og tannlæknir.

Almennt um tæknirannsóknir

Tæknirannsóknastofa ríkislögreglustjórans og tæknideild lögreglustjórans í Reykjavík eru einu eiginlegu tæknideildir lögreglunnar í landinu. Ríkislögreglustjórinn annast samanburðarrannsóknir á sönnunargögnum, auk þess að veita leiðsögn um vettvangsrannsóknir, öflun sönnunargagna, meðferð þeirra og þess háttar. Tæknirannsóknastofan aðstoðar lögreglu við tæknirannsóknir, og varðveitir og viðheldur safni fingrafara og ljósmynda af brotamönnum.

Tæknideild lögreglunnar í Reykjavík vinnur að almennum tæknirannsóknum í umdæminu og aðstoðar lögregluembættin á landinu öllu við vettvangsrannsóknir.

Á seinni árum hafa störf lögreglu beinst í ríkara mæli að söfnun lífsýna á brotavettvangi, til dæmis blóðs, sæðis og munnvatns, sem eru send til greiningar á DNA-erfðaefninu á rannsóknastofu. Niðurstaðan fer svo í sérstakan DNA-banka sem fyrirhugað er að koma á fót hjá tæknirannsóknastofu ríkislögreglustjórans. Mörg sakamál hafa verið upplýst hérlendis með DNA-rannsóknum. Með tilkomu tölvutækninnar hafa enn fremur orðið miklar framfarir í tæknirannsóknum, meðal annars í rannsókn fingrafara.

Ljósmynd: Júlíus Sigurjónsson.

Forvarnir og hverfalöggæsla

Lögreglan vinnur með yfirvöldum félagsheilbrigðis- og menntamála að forvörnum eftir því sem tilefni er til og aðstæður leyfa, og upplýsir þau um málefni sem krefjast afskipta þeirra. [51]

Eitt af viðfangsefnum ríkislögreglustjórans er að safna og vinna úr upplýsingum um afbrot og brotamenn, sem nota má til afbrotagreiningar. Gögn sem þannig fást eru aðgengileg lögregluembættunum og nýtt í þágu löggæslunnar. Í miðlægri skrá eru gagnagrunnar með fingraförum brotamanna, ljósmyndum, upplýsingum um brotaferil og fleira. Upplýsingakerfi um afbrot og brotamenn varða annarsvegar afbrotamenn og einstök brot, og hinsvegar geyma þau tölfræðiupplýsingar um afbrot. [52]

Embætti ríkislögreglustjóra og Námsgagnastofnun gáfu snemma árs 2003 út kennsluefni fyrir lögreglu til forvarna í leikskólum, skólum og fyrir foreldra. Var þetta unnið í samstarfi við lögreglustjórana, Lögregluskóla ríkisins, fjölmargar stofnanir aðrar og fleiri sem tengjast þessu viðfangsefni. Með kennsluefninu er leitast við að samræma forvarnastarf lögreglu og gera það árangursríkara. Aðdragandi málsins er sá að haustið 2001 skipaði ríkislögreglustjóri vinnuhóp lögreglumanna, sem fengist hafa við forvarnir, til að yfirfara kennsluefni sem lýtur að forvarnastarfi. Markmiðið var að gera slíkt efni aðgengilegt til kennslu fyrir lögregluna í landinu. Áhersla var lögð á að samræma allt tiltækt kennsluefni sem lögreglumenn hafa notað hver í sínu umdæmi og ákveðið að beina sjónum fyrst og fremst að fræðsluefni fyrir börn og unglinga. Vinnuhópurinn hafði til hliðsjónar norskt fræðsluefni um forvarnir, sem ríkislögreglustjóri fékk heimild til að nota eftir þörfum. Vinnuhópurinn lagaði efnið að íslensku umhverfi og löggjöf og jók við kennsluefni.

Hjá lögreglunni í Reykjavík eru sérstakir hverfislögreglumenn með aðsetur á hverfastöðvum. Þeir kappkosta að vera vel kunnugir sínu hverfi og íbúum þess, sérstaklega yngri kynslóðinni sem þeir ná yfirleitt góðu sambandi við, meðal annars með heimsóknum í skólana. Þeir fylgjast vel með því sem er að gerast í hverfunum, ekki síst á sviði afbrota. Einnig taka þeir þátt í starfi hverfasamtaka en þau eru starfandi í einhverri mynd í öllum hverfum umdæmisins. Þetta samstarf beinist að því að auka samvinnu íbúanna um að bæta úr því sem aflaga hefur farið í hverfinu. Þá sjá hverfislögreglumennirnir um rannsóknir mála ósakhæfra barna í sínu hverfi og aðstoða rannsóknardeildir í öðrum málum og kemur þá oft til góða þekking á viðkomandi hverfi og hin fjölþættu tengsl.

Ljósmynd: Júlíus Sigurjónsson.

HELLS ANGELS
MC
HELLS ANGELS
MC

Hverfislögreglumenn sinna gjarnan vandamálum meðal ungmenna, fræða um þau í skólunum og vinna að lausn þeirra í samvinnu við skóla, fagaðila og foreldra. [53]

Lögregla um allt land sinnir forvörnum með einstökum verkefnum og fræðslu. Hjá sumum embættum sinna sérstakir lögreglumenn þessum málaflokki.

Alþjóðlegt lögreglustarf

Lögreglan á Íslandi er þátttakandi í alþjóðlegu lögreglusamstarfi og á aðild að fjölþjóðlegum stofnunum, svo sem alþjóðalögreglunni Interpol, Europol og PTN (samstarf lögreglu og tollgæslu á Norðurlöndum).

Schengen-samstarfið

Ísland er þátttakandi frá 25. mars 2001 í samstarfi með fjórtán öðrum Evrópuríkjum, samkvæmt samningi sem kenndur er við Schengen. Með honum er fellt niður eftirlit með ferðum manna yfir sameiginleg landamæri þessara ríkja um leið og það er eflt gagnvart öðrum ríkjum í baráttunni gegn alþjóðlegri brotastarfsemi. Ein af stoðum samstarfsins er miðlægur gagnabanki með upplýsingum um stolna muni eins og til dæmis bifreiðar, skotvopn og skilríki. Þá eru þar geymdar upplýsingar um eftirlýsta menn, sem til að mynda eru týndir, menn sem neita á um inngöngu á Schengen-svæðið, menn sem stefna á fyrir dóm sem vitnum eða leita þarf uppi til að kynna fyrir þeim dómsniðurstöður. Í þennan gagnabanka getur lögregla sótt gögn auk þess sem Útlendingastofnun hefur aðgang að bankanum vegna mála sem hún hefur til meðferðar. Gagnabankinn leiðir til mjög aukins upplýsingaflæðis og auðveldar allt samstarf á milli yfirvalda Schengen-ríkjanna. Hvert aðildarlandanna hefur komið upp miðlægri landsskrifstofu, svonefndri SIRENE-skrifstofu, þar sem starfsmenn fara yfir og leggja mat á allar upplýsingar áður en þær eru skráðar inn í bankann. Skrifstofan er einnig einskonar miðpunktur lögregluembætta í viðkomandi landi, og gagnvart öðrum Schengen-löndum, þegar dreifa skal upplýsingum í gegnum gagnabankann. SIRENE-skrifstofan á Íslandi er undir stjórn alþjóðadeildar ríkislögreglustjórans. [54]

Friðargæsla

Rétt rúm hálf öld er liðin síðan fyrstu íslensku lögreglumennirnir voru valdir til friðargæslu á vegum Sameinuðu þjóðanna en tveir lögreglumenn voru sendir til Palestínu árið 1950, eftir að hafa hlotið þjálfun í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna. Eitt af varðsvæðum þeirra var á svokölluðu „einskismannslandi“, sem var landræma er aðskildi landsvæði araba og gyðinga. [55]

Ljósmynd: Sverrir Vilhelmsson, Mbl.

Sheet3
ENTER or choose Paste
Mind Path Pr

Á undanförnum árum hafa íslenskir lögreglumenn starfað við friðargæslu í hinni alþjóðlegu lögreglusveit Sameinuðu þjóðanna, bæði í Bosníu/Herzegóvínu og Kosovo. Sá munur er á friðargæslustörfum lögreglumannanna í Kosovo og Bosníu/Herzegóvínu, að í Kosovo eru þeir vopnaðir og hafa óskorað lögregluvald en í Bosníu/Herzegóvínu hafa lögreglumennirnir ekki umboð til valdbeitingar. Þar felst starfið í eftirliti með yfirvöldum, auk kennslu, þjálfunar og rannsóknarstarfa. Íslenskir lögreglumenn hafa notið góðs álits í þessu starfi og nokkrir hlotið þar mikinn frama. [56]

Staða og þróun afbrota

Eitt af viðfangsefnum ríkislögreglustjórans er að annast kerfisbundna söfnun og úrvinnslu upplýsinga um afbrot og afbrotamenn sem nota má til afbrotagreiningar og miðlunar til lögreglustjóra í þágu löggæslunnar.

Þegar litið er til þróunar afbrota nokkur undanfarin ár má segja að fjöldi brota í hverjum málaflokki standi nokkuð í stað milli ára.

Árið 2001 voru 90.729 brot skráð í málaskrá lögreglunnar, þar af voru 66.570 (rúmlega 73%) umferðarlagabrot. Eins og sjá má á mynd 1 voru hegningarlagabrot um 20% allra skráðra brota og um 6% skráðra brota féllu undir önnur brot.

Mynd 1. Hlutfallsleg skipting brota, sem skráð voru í málaskrá lögreglu árið 2001, eftir brotaflokkum



Hlutfallslega flest hegningarlagabrot voru tilkynnt á sunnudögum eða mánudögum, flest umferðarlagabrot voru skráð á föstudögum og önnur brot á laugardögum eða sunnudögum. Þegar dreifing brota milli mánaða er skoðuð kemur í ljós að umferðarlagabrot árið 2001 voru hlutfallslega flest yfir sumarmánuðina en fækkaði síðan aftur yfir haust- og vetrarmánuðina. Hegningarlagabrot voru hins vegar tíðust í apríl og maí, fækkaði í júní og júlí en fjölgaði aftur lítillega er líða fór á haustið. Sömu sögu er að segja af öðrum brotum sem voru fæst í febrúar, fjölgaði fram í maí, fækkaði yfir sumarmánuðina en fjölgaði aftur með haustinu.

Ljósmynd: Júlíus Sigurjónsson.

Á töflu 1 sjást breytingar á skráðum fjölda brota í nokkrum málaflokkum frá 1999 til 2001. Þar kemur fram að fjöldi brota í helstu málaflokkum hefur verið nokkuð stöðugur á síðustu árum. Mestar breytingar urðu á fjölda nytjastulda en þeim fækkaði um 17% frá 1999 til 2001. Á sama tíma hefur brotum gegn lífi og líkama hinsvegar fjölgað um tæplega 7%.

Þegar litið er til hlutfallslegrar skiptingar brota má sjá að umferðarlagabrot eru langtum viðamest eða um 73% brota árið 2000 og 2001 og 72% árið 1999. Næststærsti brotaflokkurinn eru auðgunarbrot sem eru 11-12% brota á ári.

Tafla 1. Fjöldi og hlutfall skráðra brota í nokkrum málaflokkum frá 1999 til 2001

	2001		2000		1999	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Auðgunarbrot	10.522	11,6	10.482	11,4	10.040	11,6
Áfengislagabrot	2.230	2,5	2.665	2,9	2.297	2,6
Brot gegn friðhelgi einkalífs	759	0,8	757	0,8	711	0,8
Brot gegn lífi og líkama*	1.737	1,9	1.736	1,9	1.623	1,9
Eignaspjöll	4.463	4,9	4.182	4,6	4.242	4,9
Fíkniefnabrot	911	1,0	781	0,9	962	1,1
Skjalafals	398	0,4	455	0,5	412	0,5
Nytjastuldur	388	0,4	427	0,5	456	0,5
Umferðarlagabrot	66.570	73,4	66.814	72,9	62.739	72,3
Öll önnur brot	2.751	3,0	3.366	3,7	3.248	3,7
Samtals	90.729	100	91.665	100	86.730	100

* Líkamsárásir, kynferðisbrot og önnur ofbeldisbrot. Sjá töflu 2 á næstu síðu.

Tafla 2. Fjöldi brota í nokkrum flokkum 1999 til 2001

	2001	2000	1999
Innbrot	2.857	2.407	2.556
Þjófnaður	7.022	7.439	6.787
Rán	39	34	40
Nauðgun	51	36	48
Önnur kynferðisbrot	231	192	182
Manndráp	1	5	2
Önnur ofbeldisbrot	1.454	1.503	1.391
Dreifing, sala fíkniefna	63	46	69
Innflutningur fíkniefna	117	103	74
Varsla – neysla fíkniefna	593	507	693

Fræðsla í skólum og til foreldra er eitt af úrræðum lögreglu við að fækka afbrotum og skapa betra samfélag

Ljósmynd: Júlíus Sigurjónsson.

Tafla 3. Fíkniefni handlögð af lögreglu og tollgæslu frá 1998 til 2001

	Ár	Grömm	Stykki	Millilítrar
Kannabisefni	1998	14.963		
	1999	42.376	61	
	2000	31.859	1.013	
	2001	48.232	1.233	
Amfetamín	1998	1.875		
	1999	5.078		
	2000	10.268	18	
	2001	1.019	2	35
Kókaín	1998	1.077		
	1999	955		
	2000	945		
	2001	599		
E-töflur	1998		2.149	
	1999		7.478	
	2000	79	22.057	
	2001	293	93.716	
LSD	1998		269	
	1999		339	
	2000		15	3
	2001		40	

Tafla 4. Innflutningsleiðir fíkniefna árið 2001

	Flug			Skip			Póstur		
	Magn	Tilvik	%	Magn	Tilvik	%	Magn	Tilvik	%
Hass (g)	31.406,04	24	71,2	2.144,64	1	4,8	10.588,95	51	24,0
Amfetamín (g)	74,33	3	56,3				57,81	1	43,7
Kókaín (g)	245,59	6	95,5				212,65	2	4,5
E-töflur (stk.)	75.750	5	81,3				17.401	4	18,7

Ríkislögreglustjórinn gefur út sérstaka skýrslu um afbrotatölfræði þar sem gerð er grein fyrir stöðu og þróun afbrota á Íslandi. Skýrslan er öllum aðgengileg á heimasíðu ríkislögreglustjórans www.rls.is [57]

Ljósmynd: Júlíus Sigurjónsson.

Stöðuheiti
Ríkislögreglustjóri
Vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar og skólastjóri Lögregluskóla ríkisins
Varalögreglustjóri í Reykjavík og staðgenglar lögreglustjóra
Yfirlögregluþjónar
Aðstoðaryfirlögregluþjónar
Aðalvarðstjórar/lögreglufulltrúar
Varðstjórar/rannsóknarlögreglumenn
Aðstoðarvarðstjórar
Lögreglumenn
Lögreglunemar, afleysingamenn í lögreglu og héraðslögreglumenn

Ljósmyndir: Júlíus Sigurjónsson.

Stöðueinkenni og merki lögreglunnar

Lögreglu-númer	Einkennis-húfa 1	Einkennis-húfa 2	Axlarsproti jakka 1	Axlar-smeygur	Kragahorn á jakka 1	Ermar á jakka	Armmerki	Húfumerki
x								
x								
x								
x								
x								
x								
x								

Mynd: Gutenberg hf.